

Ed.

623. Nefndarálit

um frv. til laga um lánsfjelög.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir frá minni hendi til þess að fá frv. þetta afgreitt frá nefndinni hefir það ekki tekist, og þar sem þingslit nálgast nú óðum, sje jeg mjer ekki sært að biða lengur eftir samnefndarmönnum minum. Pykir mjer rjett, að frv. þetta komi fram til 2. umræðu, svo að þingmönnum deildarinnar gefist kostur á að ræða það og samþykkja. Frv. þetta er svo nátengt frv. um landbúnaðarbanka, sem nú er orðið að lögum, að sjálfsagt er að afgreiða það á þessu þingi, enda fylgdust þessi tvö frv. að í Nd. Auk þess telur minni hlutinn frv. svo merkilegt, að verða mætti til þjóðþrifa, ef að lögum yrði.

Þótt minni hlutinn líti svo á, að einstökum atriðum í frv. mætti breyta til bóta, sjer hann þó ekki ástæðu til þess að svo komnu að bera fram breytingartillögur við frv.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 13. maí 1929.

Jónas Kristjánsson.